

Sp. 191. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um heimild til kaupa á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Karvel Pálmason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að heimila samgönguráðherra fyrir hönd rikissjóðs að festa kaup á hafskipabryggju á Eyri í Ingólfsfirði, ef hún reynist fánleg á sanngjörnu verði.

Greinargerð.

Þegar sildargengdin var hvað mest á Húnaflóamiðum og við Horn um og eftir 1920, risu miklar sildarverksmiðjur á Eyri í Ingólfsfirði og á Djúpuvík. Fyrstu árin eftir að sildarleysið hélt innreið sína var þessum mannvirkjum haldið vel við, en þegar frá leið og þau höfðu ekki lengur hlutverki að gegna, var af eðlilegum ástæðum slakað á klónni um viðhald þeirra, og eru sum þeirra nú aðeins svipur hjá sjón og nokkur þegar orðin eyðingu og hrörnun að bráð.

Frá þessu tímabili er sildarplan, löndunarbryggja og hafskipabryggja á Eyri í Ingólfsfirði. Þetta er einasta hafskipabryggjan í Strandasýslu norðan Hólmavíkur.

Við hafskipabryggjuna á Eyri hafa strandferðaskipin fengið sig afgreidd, og er svo enn. Hún hefur því haft ómetanlega þýðingu fyrir samgöngur á sjó í þágu fólksins í norðurhluta Strandasýslu, ekki hvað síst að vetrinum, þegar aðrar samgönguleiðir eru lokaðar.

Enn er bryggjan vel nothæf, en sjái enginn ástæðu til að halda henni við, má búast við, að eftir fá ár verði hún ónothæf. Væri vissulega illa farið, ef svo færi.

Það er því álit flutningsmanna þessarar tillögu, að einasta færa leiðin til að tryggja viðhald hafskipabryggjunnar á Eyri í Ingólfsfirði sé sú, að ríkið festi kaup á henni, sé hún fánleg á sanngjörnu verði, og tryggi þannig áfram nothæfi hennar í þágu héraðsbúa. Þetta teljum við líka fjárhagslega hagstæðast, því að hægara er að styðja en reisa.